

# Kynntu þér NATO



## Að vernda fólk

Við lítum oft á það sem sjálfsgöðan hlut að við skulum geta gengið um frjáls ferða okkar í öruggu og efnahagslega stöðugu umhverfi. Öryggi á öllum sviðum daglegs lífs er lykillinn að velferð okkar.

## Tekist á við nýjar ógnir

Eftir því sem eðli ógna breytist verður að breyta aðferðunum sem beitt er til að halda friðinn. NATO vinnur nú að því að laga varnarviðbúnað sinn að ógnum nútímans. Það er að breyta herafila sínum og þróa fjölbjóðleg úrræði til að takast á við hryðjuverkastarfsemi, fallvölt ríki og aðrar ógnir við öryggi, svo sem geryðingarvopn.

## Efnt til samstarfs

Að koma á samráði og samstarfi hefur úrslitabýðingu fyrir friðsamleg samskipti og dýpri alþjóðlegan skilning.

NATO veitir aðildarríkjum og samstarfsríkjum einstakt tækifæri til að eiga með sér samráð um öryggismál til þess að byggja upp traust og, þegar til lengdar lætur, að stuðla að því að koma í veg fyrir átök.

Með raunsærrí samvinnu og fjölbjóðlegu framtaki eru ríki jarðar nú í sameiningu að takast á við ný viðfangsefni á sviði öryggismála.

## Að byggja upp frið og stöðugleika

Hagurinn af stöðugleika kemur mörgum til góða á sama tíma. Afar brýnt er að koma á stöðugleika á svæðum þar sem spennan ógnar öryggi. Þess vegna tekur NATO virkan þátt í aðgerðum sem tengjast stjórnun á hættutímum, í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir.

## Aðildarríki og samstarfsríki

undirritun Norður-Atlantshafssamningsins hinum 4. apríl 1949

### AÐILDARRÍKI (INNÞÖKUAN)

- |                    |                      |
|--------------------|----------------------|
| Albanía /2009      | Lettland /2004       |
| Belgía /1949       | Litháen /2004        |
| Búlgaría /2004     | Lúxemborg /1949      |
| Kanada /1949       | Holland /1949        |
| Króaía /2009       | Noregur /1949        |
| Tékkland /1999     | Pólland /1999        |
| Danmörk /1949      | Portúgal /1949       |
| Eistland /2004     | Rúmenía /2004        |
| Frakkland /1949    | Slóvakía /2004       |
| Þýskaland /1955    | Slóvenía /2004       |
| Grikkland /1952    | Spánn /1982          |
| Ungverjaland /1999 | Týrkland /1952       |
| Ísland /1949       | Stóra Bretland /1949 |
| Ítalía /1949       | Bandaríkin /1949     |

### SAMSTARFSRÍKI NATO

- |                    |  |
|--------------------|--|
| Armenía            | Rússland                                     |
| Austurríki         | Serbía                                       |
| Aserbaídsjan       | Svíþjóð                                      |
| Hvíta Rússland     | Svíss  |
| Bosnía-Hersegóvína | Tadjíkistan                                  |
| Finnland           | Fyrrum júgóslavneska<br>lýðveldið Makedónía* |
| Georgía            | Túrkmenistan                                 |
| Írland             | Úkraína                                      |
| Kasakstan          | Uzbekistan                                   |
| Kirgistan          |  |
| Malta              |  |
| Moldóva            |  |
| Svartfjallaland    |  |

### SAMSTARFSRÍKI Í MIÐJARÐARHAFS-SAMRÁÐINU

- |            |         |
|------------|---------|
| Alsír      | Marokkó |
| Egyptaland | Túnis   |
| Ísrael     |         |
| Jórdanía   |         |
| Máritanía  |         |

### LÖND Í ISTANBÚL- SAMSTARFSÁÆTLUNinni

- |                                   |  |
|-----------------------------------|--|
| Barein                            |  |
| Kúveit                            |  |
| Katar                             |  |
| Sameinuðu arabísku<br>furstadæmin |  |

\*Týrkland viðurkenir Lýðveldið Makedóníu undir stjórnskrárbundnu heiti þess.

# Hvað er NATO?

Norður-Atlantshafsbandalagið er ein af mikilvægustu alþjóðastofnunum heims. Það er bæði pólitískt og hernaðarlegt bandalag og á vettvangi þess koma saman 28 þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku.

Þessar þjóðir koma saman til að ráða ráðum sínum og vinna sameiginlega að öryggis- og varnarmálum. Þannig er NATO vettvangur einstakra tengsla milli þessara tveggja heimsálfa á sviði öryggis- og varnarsamstarfs.

## Hvað gerir NATO?



NATO hefur það verkefni að vernda aðildarríki sín með pólitískum og hernaðarlegum úrræðum. Jafnframt hvetur það til samráðs og samstarfs við þjóðir utan NATO á margvíslegum sviðum sem tengjast öryggi, svo sem á sviði umbóta í varnarmálum og friðargæslu.

Með samráði sínu og samstarfi stuðlar NATO að því að koma í veg fyrir átök innan sem utan landamæra aðildarríkja sinna.

Það vinnur að framgangi lýðræðislegra gilda og friðsamlegri lausn á deilumálum. Þegar diplómáttisk úrræði duga ekki til býr bandalagið yfir þeim hernaðarmætti sem þörf er á til þess að halda uppi stjórn á hættutímum og friðargæslu, ýmist eitt síns liðs eða í samstarfi við önnur lönd og alþjóðlegar stofnanir.

NATO hefur enn eina vídd, sem felst í starfsemi á sviði almannavarna, að hjálpa aðildarríkjum og samstarfsríkjum að takast á við náttúruhamfarir og stuðla að samstarfi á sviði vísinda og umhverfismála.

Öll aðildarríkin halda úti fastanefnd í pólitískum höfuðstöðvum NATO í Brussels. Fyrir hverri fastanefnd fer sendiherra, sem kemur fram fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar í öllum viðræðum og allri ákvarðanatöku bandalagsins.

Atlantshafsráðið er mikilvægasta stofnun bandalagsins að því er varðar pólitíska ákvarðanatöku. Ráðið kemur saman á mismunandi stjórnstígum undir formennsku framkvæmdastjóra NATO, sem aðstoðar aðildarríkin við að ná samkomulagi um mikilvæg mál.

Allar ákvarðanir í öllum nefndum NATO eru teknar á sammælisgrundvelli. „Ákvörðun NATO“ er þannig yfirlýsing um sameiginlegan vilja allra aðildarríkja.

NATO ræður sjálf yfir mjög takmörkuðum herafila. Þegar Atlantshafsráðið ákveður að grípa til einhverra aðgerða leggja aðildarríkin sjálfviljug til hersveitir. Að verkefninu loknu halda þessar hersveitir aftur til heimalanda sinna.

## Hvernig starfar NATO?

Það kemur í hlut herstjórnarkerfis bandalagsins að samhæfa slíkar aðgerðir og stýra þeim. Herstjórnarkerfið samanstendur af höfuðstöðvum ásamt herstöðvum í mismunandi aðildarríkjum.

Dagleg störf NATO, hernaðarlegt og borgaralegt skipulag og áætlanir um fjárfestingar í varnarbúnaði eru greiddar úr sameiginlegum sjóðum sem aðildarríkin greiða í samkvæmt fyrirfram samþykktum reglum um skiptingu kostnaðar.

